



Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, var í gær viðstaddur minningarathöfn um þá þrjátíu og níu sem létust í vöruflugningabil í Essex-héraði á miðvikudag. Málið hefur vakið mikinn óhug í landinu. Bilstjórinn, Maurice Robinson, hefur verið ákærður fyrir fjöldamorð, en fórnarlömbin voru Asíubúar sem verið var að smygla til landsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Háar fjárhæðir til setts ríkislögmanns

Andri Árnason hefur fengið rúmar 17,7 milljónir í tíu greiðslum frá Embætti ríkislögmanns vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála. Tæpt ár er síðan hann var settur ríkislögmaður. Ekki hefur enn verið greitt inn á kröfur þeirra sem eiga bótarétt vegna málsins.

GEIRFINNSMÁL Lögmaðurinn Andri Árnason hefur fengið rúmar 17,7 milljónir greiddar frá Embætti ríkislögmanns sem settur ríkislögmaður í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Átta greiðslur til hans eru skráðar á vef opinna reikninga ríkisins og staðfestir Embætti ríkislögmanns að þær séu vegna umrædds máls og embættið hafi greitt þær eftir samþykki forsætisráðuneytis. Samkvæmt svari embættisins við fyrirspurn blaðsins hafa tvær nýjustu greiðslurnar til lögmannsins ekki enn verið birtar á fyrrgreindum vef, samtals 7,8 milljónir.

Alls er því um tíu greiðslur að ræða. Í kjölfar sýknuðoms Hæstaréttar í fyrra varð ljóst að fram undan væru viðræður um bætur. Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður tilkynnti þá um vanhæfi sitt en hann er sonur Hallvarðs Einvarðssonar sem var vararíkissaksóknari á áttunda áratugnum og kom mjög að meðferð málanna á þeim tíma. Forsætisráðherra setti Andra Árnason vegna málsins í stað Einars Karls í nóvember í fyrra og var hann á hliðarlínunni í sattaumleitunum nefndar sem forsætisráðherra skipaði vegna málsins.



Andri Árnason, settur ríkislögmaður.

Vikið er að samskiptum við settan ríkislögmann í stefnu Guðjóns Skarphéðinssonar. Þar segir að lögmaður Guðjóns hafi átt samtöl við settan ríkislögmann og einn fund. Auk formlegrar bótakröfu hafi lögmaður sent honum tvö

bréf, annars vegar með áskorun um skriflega afstöðu til kröfu Guðjóns og hins vegar með ábendingu um að það horfði til sparnaðar fyrir ríkið ef greitt yrði inn á kröfuna. Settur ríkislögmaður hafi hvorki sent efnisleg svör við kröfu Guðjóns né öðrum bréfum. Í greinargerð setts ríkislögmanns í máli Guðjóns er farið fram á sýknu ríkisins af bótakröfunni. Frumvarp forsætisráðherra um bætur lýsir hins vegar allt annarri afstöðu ríkisins til bótaréttar. Einn lögmanna málsins hefur lýst því viðhorfi að aðkoma setts ríkis-

lögmanns hafi ekki verið gagnleg. Erfitt er að áætla hve mikið starf er enn óunnið í málum þeirra sem bótarétt eiga. Aðeins einn hefur stefnt málinu fyrir dóm. Ekki liggur fyrir hvort fleiri muni stefna ríkinu eða hvort aðrir semja um bætur utan réttar samhliða afgreiðslu Alþingis á frumvarpi forsætisráðherra um bætur vegna málsins. Ljóst er þó að töluvert starf er enn óunnið þar til málalýktir verða. Enginn hinna sýknuðu hefur enn fengið greitt inn á sínar kröfur þrátt fyrir að mælt sé fyrir um bótarétt þeirra í lögum. – að

ŠKODA KAROQ
NÝLEIÐ TIL AÐ NÁ LENGRA


Škoda Karoq 4x4
Tilboðsverð 4.990.000 kr.
Dráttarbeisli, hiti í stýri, fjarlægðatengdur hraðastillir, hiti í framrúðu, bakkmyndavél, rafmagnsopnun á afturhlera og fleira.

www.hekla.is/skodasalur

ŠKODA

Verðmálast. við gengi 28. október 2019. HEKLA · Laugavegi 170-174 · 105 Reykjavík · Sími 590 5000

Veður



Suðvestan 8-15 í dag, hvassast við NV-ströndina, en hægari sunnan heiða. Skýjað en þurr að kalla á A-verðu landinu, annars súld eða dálítil rigning og hiti 1 til 8 stig.

SJÁ SÍÐU 16



Breif sambærilegt því sem barst fyrir-tækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Háar greiðslur vegna svikabréfs

VIÐSKIPTI „Það voru mikil mistök að svara þessu bréfi. Ég hélt að þetta væri beiðni um virðisaukaskattsnúmer vegna viðskipta minna við fyrirtæki í Þýskalandi. Ég las ekki smáa lettrið.“ segir fyrirtækjaeigandi í Reykjavík sem svaraði kröfubréfi frá Þýskalandi.

Með því að svara bréfinu er fyrirtækið búið að skuldbinda sig til að greiða 711 evrur árlega í þrjú ár, sem gerir alls um 300 þúsund krónur.

» Með því að svara bréfinu er fyrirtækið búið að skuldbinda sig til að greiða 711 evrur árlega í þrjú ár.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í ágúst er um að ræða bréf sem hafa verið send á íslensk fyrirtæki þar sem þau eru krafín um að gefa upp virðisaukaskattsnúmer í tengslum við persónuverndarlöggjöf Evrópusambandsins. Það sem þau fá í staðinn er skráning á þýskri vefsíðu.

Fyrirtækjaeigandinn, sem vildi alls ekki koma fram undir nafni, segir þetta ekki í fyrsta sinn sem bréf af þessu tagi hafi borist. „Ég er með eitt svona ofan í skúffu frá því í fyrra. Þetta kemur held ég á hverju ári.“

Nú situr fyrirtækið uppi með háan reikning. „Þetta er póstkrafa upp á 711 evrur sem ég átti að borga um miðjan september. Nú er kominn ítrekun. Ég þarf að drífa mig að borga áður en þetta fer í innheimtu.“ – ab

Frosin Reykjavíkurtjörn



Frost var í höfuðborginni um helgina, fólki til mismikillar ánægju. Þessi unga kona naut þess að leika sér á frosinni Reykjavíkurtjörn í blíðviðrinu í gær. Rigning og rauðar tölur eru í veðurkortunum næstu daga svo gera má ráð fyrir að tjörnin verði á fljótandi formi út vikuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Samherji krefst 300 milljóna

DÓMSMÁL Samherji krefur Seðlabankann um rúmar þrjú hundruð milljónir króna í bótagreiðslur vegna húsleitar hjá fyrirtækinu árið 2012 sem efnt var til vegna gruns um brot Samherja á gjaldeyrislögum.

Fréttablaðið greindi frá því á sunnudag að rannsókn innri endurskoðanda Seðlabankans leiddi í ljós að starfsmaður Seðlabankans og fréttamaður Ríkisútvarpsins hefðu átt í samskiptum áður en húsleit fór fram hjá Samherja og tengdum aðilum.

Í tölvupóstsamskiptum við Fréttablaðið í gær fullyrðir Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri bankans, að ekkert liggi fyrir um það hvort upplýsingum hafi verið leikið frá Seðlabankanum.

Hann segir málið litlið mjög alvarlegum augum af hálfu Seðlabanka Íslands og að allt hafi verið gert innan bankans til að upplýsa það. Ljóst sé að húsleitinni hafi verið á margra vitorði. – oæg

Akureyri tekur á móti yfir þúsund gestum

Umfangsmesta ráðstefna sem haldin hefur verið á Akureyri og mun færa ferðabjónustunni norðan heiða umtalsverðar tekjur á tíma sem annars er rölegur í greininni. Gert ráð fyrir að tillaga verði gerð til ráðherra norðurslóða.

AKUREYRI Búist er við að allt að 1.200 manns sæki ráðstefnu á Akureyri um málefni norðurslóða í lok mars og byrjun apríl á næsta ári. Það eru Rannsóknarmiðstöð Íslands og Háskólinn á Akureyri sem standa fyrir ráðstefnunni sem ber heitið Vísindavika norðurslóða og er hún haldin árlega. Samstarf um ráðstefnuhaldið er við mennta-, umhverfis- og utanríkisráðuneyti auk Akureyrarbæjar. Dagskrá Vísindavikunnar skiptist í þrjú meginþætti og er gert ráð fyrir að aðsókn ráðstefnugesta dreifist nokkuð á ráðstefnudagana. Federica Scarpa, sérfræðingur í heimskautarétti, er ráðstefnustjóri Vísindavikunnar.

„Vísindavika norðurslóða er umfangsmesta alþjóðlega vísindaráðstefnan sem farið hefur fram á Akureyri og mun færa ferðabjónustuaðilum á svæðinu umtalsverðar tekjur á tíma sem er annars rölegur fyrir ferðamennsku,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, sérfræðingur hjá Rannís og formaður undirbúningsnefndar. „Það segir sig sjálft að það er í mörg horn að líta við skipulagningu svona viðburðar og margir þurfa að leggjast á eitt svo þetta takist sem best.“

Að sögn Þorsteins er ráð fyrir því gert að ráðstefnan muni meðal annars undirbúa tillögur fyrir fund vísindaráðherra norðurslóða sem haldinn verður í Japan í nóvember á næsta ári, þar sem Japan og Ísland eru gestgjafar. Hann segir að mennta- og menningarmálaráðuneytið íslenska sjái um undirbúning fundarins í Japan. „Viðburðir ráðstefnunnar fara einkum fram í húsnaði Háskólans á Akureyri en einnig verður ráðstefnuaðstaðan í Hofi nýtt.“ Þorsteinn segir að staðið



Þorsteinn segir mikilvægt að hafa gott samstarf við atvinnulífið á Norðurlandi og fá stuðning og ráðgjöf við ráðstefnuhaldið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Vísindavika norðurslóða er umfangsmesta alþjóðlega vísindaráðstefnan sem farið hefur fram á Akureyri og mun færa ferðabjónustuaðilum á svæðinu umtalsverðar tekjur á tíma sem er annars rölegur fyrir ferðamennsku.

Þorsteinn Gunnarsson hjá Rannís, formaður undirbúningsnefndar Vísindaviku

verði fyrir menningardagskrá um norðurslóðir þau kvöld sem ráðstefnan stendur og sé sá hluti dagskrárinnar unninn í samstarfi við Akureyrarstofu. „Fyrir skipuleggjendur er mikilvægt að hafa gott samstarf við atvinnulífið á Norðurlandi og fá þaðan stuðning og ráðgjöf við skipulagningu.“ Hann segir þá leita eftir stuðningi frá fyrirtækjum og einkaaðilum við fjármögnun Vísindavikunnar. „Fjárstuðningur frá einkaaðilum auðveldar skipuleggjendum að innheimta hófleg ráðstefnugjöld sem eykur líkur á því að fleiri ráðstefnugestir komi og eykur þar með veltu hjá fyrirtækjum í ferðabjónustu í tengslum við ráðstefnuna.“ jon@frettabladid.is

Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

STÓRUM HUMRI!!



Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrnvalsjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakkingum í verslunum Bónus um land allt.

nordanfiskur

Tilboðsbílar á góðu verði



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarinn okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



Rnr. 121763

CHEVROLET Captiva LT
Nýskr. 07/13, ekinn 77 þ.km,
dísil, sjálfskiptur, 7 manna.

TILBOÐSVERÐ!
1.790.000 kr.

22.644 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 110281

TOYOTA Prius Hybrid
Nýskr. 06/17, ekinn 51 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.890.000 kr.

36.329 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 392109

FORD Fiesta Titanium
Nýskr. 11/15, ekinn 43 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.390.000 kr.

17.668 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 110200

SSANGYONG Tivoli DLX
Nýskr. 01/17, ekinn 55 þ.km,
dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.790.000 kr.

22.644 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146043

BMW X1 Xdrive 18d
Nýskr. 07/14, ekinn 105 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.790.000 kr.

35.085 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146100

KIA Sportage EX 4wd
Nýskr. 01/18, ekinn 28 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
4.490.000 kr.

56.233 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 145938

SUBARU Outback Premium Eyesight
Nýskr. 05/17, ekinn 64 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
3.790.000 kr.

47.525 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 110139

HYUNDAI Santa Fe III Style
Nýskr. 06/17, ekinn 82 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
4.790.000 kr.

59.965 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 121593

DACIA Duster Comfort 2wd
Nýskr. 05/18, ekinn 26 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.590.000 kr.

32.597 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 110099

HYUNDAI i30 Classic Wagon
Nýskr. 04/17, ekinn 92 þ.km,
bensín, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.290.000 kr.

16.424 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 153797

RENAULT Megane Zen
Nýskr. 02/17, ekinn 41 þ.km,
dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.890.000 kr.

23.888 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 145815

NISSAN X-Trail Tekna 4wd
Nýskr. 08/18, ekinn 15 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
5.790.000 kr.

72.406 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 145749

PEUGEOT 508 Active
Nýskr. 04/16, ekinn 86 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.890.000 kr.

23.888 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 430379

RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 10/16, ekinn 69 þ.km,
dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.290.000 kr.

28.865 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 430340

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 02/17, ekinn 84 þ.km,
dísil, beinskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.190.000 kr.

27.621 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Allt að 80% lán



Ástandsskoðun



Fjármögnun á staðnum

Opið frá kl. 9-18 alla virka daga
og laugardaga frá kl. 12-16

Bíland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bilaland

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykili.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánskilmálana á heimasíðunni lykili.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaða frá lykili.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Berjast fyrir lífi sínu eins og hetjur eftir brunann í Máva-hlíð Sólrún Alda Waldorff og kærasti hennar Rahmon Anvarov slósuðust alvarlega í eldsvoða.

2 Framleiða 72 prósent sviðs-verka en fá 8 prósent af fjárframlögum Ráðuneytið hefur ekki hækkað fjárframlög til sjálfstæðra sviðslista í þrjú ár.

3 Séra Þórir sendi kirkjunni umslag sem verður opnað að honum látnum Þórir Stephensen braut kynferðislega gegn ungri stúlku á stjóttá áratugnum.

4 Sprengdi sjálfan sig í loft upp ásamt þremur börnum sínum. Donald Trump staðfesti að Abu Bakr al-Baghdadi, leiðtogi íslamska ríkisins, hefði fallið í aðgerðum sérsvaite Bandaríkjahers í Sírylandi.

5 Einn heppinn Íslendingur vann aðalvinning Lottó. Vinningsupphæðin var 41.872.680 kr.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

Undanþága vegna Torgs og Hringbrautar

VIÐSKIPTI Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt undanþágu á samkeppnislögum vegna yfirtöku Torgs, sem á og rekur meðal annars Fréttablaðið, á sjónvarpsstöðinni Hringbraut.

Samkeppniseftirlitinu er heimilt samkvæmt 4. mgr. 17. greinar samkeppnislaga að veita undanþágu frá banni samkeppnislaga við því að samruni komi til framkvæmda á meðan eftirlitið fjallar um hann. Er þar vísað til þess að félagið þurfi á auknum fjármunum að halda til að styrkja reksturinn. Undanþága þessi er þó háð þeim skilyrðum að ekki verði afhafst nokkuð í rekstri Hringbrautar á undanþágutíma, sem mögulegt sé að vinda ofan af, verði ekki af samruna félaganna.

– ds

Jarðarvinir kæra Náttúrustofu Austurlands

DÝRAVERND Dýra- og náttúruverndarsamtökin Jarðarvinir hafa kært Náttúrustofu Austurlands til lögreglu fyrir vanrækslu vegna skýrslu um aðdrif og afföll hreindýrskálfa. Ole Anton Bieltvedt, forsvarsmáður samtakanna, segir að um 600 kálfar hafi drepist síðasta vetur.

„Við tókum þetta mál upp í hitteðfyrri þegar við sáum hvernig var verið að drepa hreindýrskýr frá litlum kálfum. Þeir voru rétt orðnir átta vikna yngstir og engan veginn í

Við viljum að lögreglustjóri rannsaki það hver beri ábyrgð á því að skýrslan hafi ekki borist tímanlega.

Ole Anton Bieltvedt, formaður Jarðarvina



stakk búnir til að takast á við veturinn,” segir Ole.

Eftir athugasemdir Jarðarvina ákvað umhverfisráðherra að láta Náttúrustofu Austurlands rannsaka aðdrif kálfanna og skila skýrslu. Í málagögnin fyrir en skýrslan hefur tafist. Í millitiðinni var sent minnisblað til ráðuneytisins sem Jarðarvinir telja ófullnægjandi því að skýrslan hefði átt að liggja til grundvallar veiditímabilinu í haust. „Við viljum að lögreglustjóri rannsaki það hver

beri ábyrgð á því að skýrslan hafi ekki borist tímanlega,” segir Ole.

Skarphéðinn G. Þórisson, sérfræðingur hjá Náttúrustofu Austurlands, segir að engin ákveðin dagsetning hafi verið sett á skil skýrslunnar og jafnframt hafi það verið ákveðið á fundi með ráðuneytinu að niðurstöður skýrslunnar myndu ekki hafa áhrif á veiditímabilið nú í haust. „Við erum fá og að vinna í ýmsu öðru, svo það tók lengri tíma að vinna úr gögnum,” segir Skarphéðinn. – klg

Ráðherra hafi ekki sýnt fram á fjármögnun varafflugvalla

Formaður samgöngunefndar og þingmenn segja brýnt að byggja upp varafflugvallakerfið en neyðarástand varð í gær þegar þremur flugvélum var beint frá Keflavíkflugvelli til Akureyrar vegna óhapps. Nýta beri 4 milljarða króna viðbótarfjármagn samgöngumála í uppbygginguna, segir formaðurinn.

SAMGÖNGUMÁL Jón Gunnarsson, segir brýnt að nota viðbótarfjármagn til samgönguáætlunar til að byggja upp varafflugvöllina á Akureyri og Egilsstöðum. Þremur flugvélum Ícelandair var beint til Akureyrar þegar neyð kom upp á Keflavíkflugvelli eftir að sjúkraflytningavél rann út af flugbraut. Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, segir félagið ekki hafa beint flugvélunum til Akureyrar heldur væri það hluti af ferlum flugfélagsins.

„Þetta er þannig ástand að það verður að bregðast við sem allra fyrst,” segir Jón. „Í samgönguáætlun reiknuðum við með ákveðnum aðferðum til að leysa málið en þær hafa ekki gengið eftir. Það er einsýnt í mínum huga að þeir 4 milljarðar sem koma til viðbótar í fjárlögum verði notaðir til uppbyggingar á varafflugvöllum.“

Í samgönguáætluninni sem afgreidd var í febrúar var fjallað um ástand varafflugvalla fyrir millilandaflug sem bæði öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) og Ícelandair voruðu við. Kom þar fram að framkvæmdir á Akureyri og Egilsstöðum þyldu ekki 10 til 15 ára bið. „Verkefnaframtal vegna nauðsynlegrar endurnýjunar búnaðar á flugvöllum landsins er orðinn langur og fjölbreyttur vegna vanfjárfestingar síðustu ára. Þessi langvinna þróun veldur brestum í flugvallakerfinu sem almenningi eru huldur en eru engu að síður ógn við flugöryggi,” sagði í áliti öryggisnefndar.

Jón segir að forgangsverkefni ættu



Jón Gunnarsson, formaður samgöngunefndarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

að vera akstursbraut á Egilsstaðaflugvelli, sem gæti nýst sem flugvélageymsla í mikilli umferð, og að fullklára flughlaðið á Akureyri.

„Meirihluti samgöngunefndar og þingið eru sammála um að fara þurfi í uppbyggingu á varafflugvallakerfinu,” segir Jón. „Boltinn er hjá ráðherra að koma með lausnir á því hvernig við förum í þessar stórstígu framkvæmdir.“

Hvað varðar varafflugvöllina hefur Sigurður Ingi Jóhannsson sam-

gönguráðherra beint athyglinni að Isavia. „Ráðherra hefur ekki sýnt að hann ætli að setja fjármagn í varafflugvöllina,” segir Jón. „Með óljósum skilyrðum segir hann að Isavia eigi að fara í þessa uppbyggingu. Þá þyrftu þeir að draga úr framkvæmdum í Keflavík, sem ég sé ekki að sé lausn í málinu.“

„Ég tel að samgönguráðherra sé á rangri leið. Það eru mikil tækifæri í uppbyggingu Akureyrarflugvallar og það er vont að sjá hvernig hann

Fyrir eyju eins og Ísland, með umsvifamikinn flugrekstur, er það grundvallarþáttur að til sé öflugt varafflugvallakerfi í landinu. Þetta hefur ekki náð nægilega vel til eyrna framkvæmdavaldsins.

Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



leggur þetta fram,” segir Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar. Mun hún beita sér fyrir breytingum á samgönguáætlun í þinginu. „Auðvitað er mikilvægt að ráðast í uppbyggingu á Egilsstöðum líka og ég fagna því. Það er samt sem áður ljóst að við þurfum á báðum varafflugvöllum að halda. Ekki sist yrðu það mistök hjá okkur að grípa ekki það tækifæri að byggja upp Akureyrarflugvöll sem aðra gátt inn í landið.“

Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og flugumferðarstjóri, tekur í sama streng og Jón og Albertína, en hann hefur lagt mikla áherslu á flugöryggismál. „Fyrir eyju eins og Ísland, með umsvifamikinn flugrekstur, er það grundvallarþáttur að til sé öflugt varafflugvallakerfi í landinu. Þetta hefur ekki náð nægilega vel til eyrna framkvæmdavaldsins,” segir hann. kristinnhaukur@frettabladid.is

Stórskáldið

Eftir Björn Leó Brynjarsson



SÝNINGAR
Í FULLUM GANGI

NÁÐU ÞÉR
★ Í MIÐA ★



borgarleikhus.is

ÞÚ FINNUR GÆÐIN MEÐ BROS Á VÖR **TIL HAMINGJU** MEÐ ÞAÐ!



Til hamingju pokarnir biða þín
glafir í bragði í næstu verslun.


Það er alltaf stutt í brosið ef þig
vantar bragðgóða hollustu, nasl eða
nesti fyrir heilbrigðan lífsstíl og gleði.

Til hamingju með þetta
Baunir og linsur
Hnetur og fræ
Hamingjusnakk
Kókos og rúsínur
Múslí og morgunkorn



DAGSKRÁIN á Hringbraut

h



Bjarni Ben. var skammaður fyrir að sækja fund hjá Hitler

Styrmir Gunnarsson lýsir m.a. framkomu

stjórn málaforingja á árum áður og virðingu þeirra í garð hvors annars.

Hann er einn viðmælenda í þættinum

„Lífið er lag“ sem er

á dagskrá Hringbrautar

kl. 20.30 í kvöld.

h

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



21

Frétta- og umræðuþátturinn 21 alla virka daga klukkan 21.00

Fylgstu með!



Boris Johnson forsætisráðherra hefði sjálfur kosið samningslausa útgöngu á fimmtudag. NORDICPHOTOS/GETTY

Frestur fram í janúar

ESB hefur fallist á beiðni Breta um að fresta útgöngu fram í lok janúar 2020 í óþökk forsætisráðherrans. Stefnir í þingkosningar í Bretlandi í desember.

BRETLAND Evrópusambandið hefur orðið við beiðni Breta um að fresta útgöngu Bretlands úr ESB, sem iðulega er kennd við Brexit, fram í lok janúar á næsta ári. Stefnir nú allt í þingkosningar í Bretlandi í desember.

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs ESB, segir að Bretland sé ekki bundið innan sambandsins til 31. janúar 2020, geta þeir gengið út hvenær sem er fyrir þá dagsetningu.

Á tímabili var útlit fyrir að Bretar gengju úr sambandinu samningslausir á fimmtudaginn líkt og Boris Johnson forsætisráðherra hafði lofað ef ekki tækist að klára útgöngusamning fyrir þann tíma. Þingið kom hins vegar í veg fyrir það.

Emmanuel Macron Frakklandsforseti var með efasemdir um að gefa Bretum annan frest á útgöngunni. Samkvæmt heimildum CNN snerist honum hugur eftir samtali við Johnson um helgina.

35%

er fylgi Íhaldsflokks Boris Johnson samkvæmt nýjustu könnunum.

» Allt stefnir nú í þingkosningar í Bretlandi í byrjun desember.

Johnson leggur til að farið verði í þingkosningar fimmtudaginn 12. desember. Vinnur hann nú að því að fá þingmenn til að samþykka 115 blaðsíðna útgöngusamning sinn

við ESB áður en kosið verður en það er rúmlega vikulengt ferli í breska þinginu. Skoski þjóðarflokkurinn og Frjálslyndir demókratar leggja til að kosið verði mánudaginn 9. desember til að koma í veg fyrir að samningur Johnsons verði bindandi fyrir næstu ríkisstjórn, en til þess þarf 25 virka daga.

Samkvæmt heimildum BBC skiptir dagsetningin litlu máli fyrir Johnson, hann hafi viljað samningslaust Brexit á fimmtudaginn og óttist ekki kosningar. Samkvæmt nýjustu könnunum er Íhaldsflokkur Johnsons í tiltölulega góðum málum með 35 prósentu fylgi, sem í bresku kosningafyrirkomulagi þýðir möguleika á hreinum meirihluta. Verkamannaflokkurinn er fastur í 25 prósentu fylgi en Frjálslyndir demókratar halda í sín 18 prósent sem þeir hafa mælst með síðan í sumar.

arib@frettabladid.is

Telur uppruna mannsins í Botsvana

BOTSVANA „Það hefur verið ljóst í nokkurn tíma að nútímamaðurinn kom fram í Afríku fyrir um 200.000 árum en það sem hefur ekki verið ljóst er hvaðan nákvæmlega forfedur okkar koma,“ segi Vanessa Hayes, prófessor í erfðafræði við Garvan-rannsóknarstofnunina í Ástralíu.

Visindamenn telja sig nú hafa fundið svarið við því hvar mannkynið er upprunnið og er svæðið sem um ræðir sunnan við Zambesifljót í Botsvana. BBC greinir frá.

Svæðið einkennist nú af saltlagi en þar var að öllum líkindum mikið af vatni. Samkvæmt visindamönnum var svæðið heimkynni manna í 70.000 ár þar til loftslag breyttist og í kjölfarið færðu menn sig á frjósamari svæði og hófust þannig flutningar mannkynsins út úr Afríku.

„Þetta er ákaflega stórt svæði sem virðist hafa verið mjög blautt og gróskumikið. Það hefur verið hentugt til búsetu bæði fyrir menn og dýr,“ segir Hayes.

Rannsókn hennar sýnir fram á að mennirnir hafi upphaflega haldið í norðaustur frá Zambesi-svæðinu og að því næst hafi önnur bylgja frum-



Svæðið sunnan við Zambesifljót einkennist af saltlagi. NORDICPHOTOS/GETTY

byggja fært sig í til suðvesturs.

Hayes segir að hægt hafi verið að draga upp mynd af svæðinu bæði með erfðarannsóknum og jarðfræði ásamt því að líkja eftir loftslaginu á svæðinu með tölvulíkani.

Gagnrýnisráddir um rannsóknina hafa heyrst víða og segir Chris Stringer, prófessor á Náttúrufræðisafninu í London, að ekki sé litið til allra þátta við gerð rannsóknarinnar.

„Ég held að það sé stiklað á stóru við gerð rannsóknarinnar. Það að horfa einungis á einn hluta erfðamengis mannsins og einungis eina staðsetningu gefur okkur ekki alla söguna um uppruna mannsins,“ segir Stringer og bætir við:

„Ef rannsóknin hefði verið umfangsmeiri hefðu mögulega fundist fleiri en einn staður sem væru fyrstu heimahagar mannsins.“

birnadrofn@frettabladid.is



CR-V HYBRID

HYBRID BÍLL ÁRSINS 2019*



HONDA CR-V 4X4 BENSÍN
FRÁ KR. 5.890.000
SJÁLFSKIPTUR

HONDA CR-V 4X4 HYBRID
FRÁ KR. 6.190.000
SJÁLFSKIPTUR

HAGKVÆMNI SEM ÞÚ SÉRÐ

Upplifðu nútíma skilvirkni, án þess að takmarka akstursánægju þína. CR-V Hybrid framleiðir sitt eigið rafmagn; sjálfhleðsla, svo þú þurfir aldrei að stinga í samband. Skilvirkni CR-V Hybrid er ekki eingöngu mæld við bensíndæluna, líka hvernig þú upplifir akstursegginleikana. Sterk, en um leið létt bygging hans framkallar lipra og örugga akstursegginleika og með háþrúðu fjöðrunarkerfinu verður aksturinn einstaklega þægilegur. Honda hefur framleitt Hybrid bifreiðar í meira en tuttugu ár - reynsla sem þú getur treyst á. CR-V Hybrid er með 5 ára ábyrgð á öllu Hybrid kerfinu frá framleiðanda, sem veitir þér hugarró, það er ávinningur að aka með tækni sem þú getur treyst.

WHATCAR?

CAR
OF THE
YEAR
2019

OPIÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00

*Honda CR-V Hybrid var valinn bíll ársins 2019 - Car of the year í flokki Hybrid bíla í verðflokki frá £30.000



Bernhard - Honda á Íslandi
Vatnagörðum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:

Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535



HONDA

Best í heimi



Sighvatur Armundsson
sighvatur@frettabladid.is

Þing Norðurlandaráðs hefst í Stokk-hólmi í dag en þetta merkilega samstarf norrænna þjóðþinga má rekja aftur til ársins 1952. Gildi norræns samstarfs fyrir Ísland og íslenskt samfélag er ótvírætt þótt ýmsum hætti til að tala það niður. Norðurlöndin hafa auðvitað hvert sína sérstöðu en deila um leið sameiginlegum gildum sem hafa stuðlað að uppbyggingu farsælustu samfélaga heims. Þegar kemur að alþjóðlegum samanburði raða Norðurlöndin sér yfirleitt í efstu sætin. Þar er mesta jafnréttið, þar er fólk hamingjusamast og spillingin minnst.

Norræn áhrif er að finna allt í kringum okkur. Þannig byggir íslensk löggjöf oftar en ekki á norrænum fyrirmyndum og það sama má segja um uppbyggingu stofnana samfélagsins. Það er vandfundin sú opinbera stofnun sem ekki á í norrænu samstarfi. Slíkt samstarf er ómetanlegt fyrir lítið samfélag eins og Ísland. Með því fæst aðgangur að mikilli þekkingu og ráðgjöf sem hin Norðurlöndin búa yfir. Þá njóta aðilar vinnumarkaðarins og ýmis fagfélög ekki síður góðs af samvinnu við norræn systurfélög. Það má heldur ekki gleyma menningunni sem er jú einn af hornsteinum norrænnar samvinnu. Grasrótarsamtök eins og Norrænu félögin gegna líka mikilvægu hlutverki í samstarfinu en þau fagna hundrað ára afmæli um þessar mundir.

Samfélagsgerð Norðurlandanna sem byggir á opnum lýðræðislegum ferlum, öflugum velferðarkerfi og jöfnuði á undir högg að sækja á ýmsum sviðum. Þess vegna var það ánægjulegt að heyra Silju Dögg Gunnarsdóttur, sem verður forseti Norðurlandaráðs á næsta ári, lýsa áherslum Íslands á formennskuárinu. Þar verður lögd sérstök áhersla á baráttuna gegn upplýsingaóreiðu og falsfréttum. Því miður hafa hægri popúlistar náð fötfestu á Norðurlöndunum með neikvæðum afleiðingum. Það er því ekki vanþörf á því að standa vörð um lýðræðið sem eitt af grunngildum norrænna samfélaga.

Norræna ráðherranefndin hefur sett fram metnaðarfull markmið um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Norðurlöndin standa nú þegar mjög framarlega á þessu sviði og hafa til að mynda haft sameiginlegan vinnuarknað í 65 ár. Þá eru Norðurlöndin einnig í fremstu röð í umhverfismálum. Þar eru svo sannarlega tækifæri fyrir svæðið í heild til að gera enn betur. Með því að leggja sameiginlega áherslu á sjálfbærni, grænan hagvöxt og samfélagslega ábyrgð eru Norðurlöndin betur í stakk búin að takast á við áskoranir morgundagsins en þau eru ein og sér. Á tímum óvissu og glundroða í alþjóðasamfélaginu er samstaða og samstarf Norðurlandanna mikilvægt sem aldrei fyrir. Við Íslendingar eigum að hlúa enn betur að því.



Með því að leggja sameiginlega áherslu á sjálfbærni, grænan hagvöxt og samfélagslega ábyrgð eru Norðurlöndin betur í stakk búin að takast á við áskoranir morgundagsins en þau eru ein og sér.

Halldór



Frá degi til dags

Velvildin farin

Hálfnað er kjörtímabil Framsóknarflokkanna þriggja og sú velvild sem stjórnin naut í upphafi horfin í gleymiskunnar dá. Vitaskuld er það vanþakklátt að leiða pöpulinn og örlög allra stjórna að tapa fylgi. En að minnsta kosti er það vel borgað.

Samkvæmt nýjum þjóðarpúlsinum njóta stjórnarflokkarnir ekki nema 44,3 prósent fylgi. Í síðustu kosningum hlutu þeir samanlagt 52,9 prósent fylgi en hafa ber í huga að skömmu eftir að Katrín, Bjarni og Sigurður Ingi skrifuðu skælbrosandi undir ríkisstjórnarsamstarfið mældust þau með 74,1 prósent velvild hjá þjóðarpúlsinum.

Miðjumöð

Í gær greindi mbl.is frá nýjum kjarasamningi Bláamannafélags Íslands og Birtings. Allt gott og blessað nema að margir stöldrúðu við myndavalið. Þar mátti sjá hinn skelegga formann Hjalmar Jónsson klæddan í treyju enska knattspyrnuliðsins West Ham United. Á borði fyrir framan hann lágu treyjur miðjumöðslidanna Wolverhampton Wanderers, Southampton og Charlton Athletic.

Nú er vitað að Morgunblaðið á stóran myndabanka sem mikill sómi er að. Mætti því halda að þetta væru einhvers konar dulin skilaboð til lesenda. kristinnhaukur@frettabladid.is

Rukkað í Reykjavík



Eypör Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Til að borgin okkar sé samkeppnishæf þarf hún að gæta höfs í sköttum og gjaldtöku. Því fer fjarri í dag. Reykjavík er með hæsta útsvarið á höfuðborgarsvæðinu öllu. Tekur meira af laununum en ríkið. Hér hafa fasteignagjöld hækkað gríðarlega. Nú síðast um 17% af atvinnuhúsnæði. Ný gjöld hafa sprottið upp og er nú rukkað fyrir minnstu afnot af borgarlandinu. Það er meira að segja rukkað fyrir spurningar til borgarkerfisins. „Innviðagjöld“ tekin af þeim sem vilja byggja íbúðir.

Á síðustu árum hefur afar lítill hluti fjármagns til vegamála skilað sér til Reykjavíkur. Skammarlega lítið. Þetta gerist þótt íbúar borgarinnar hafi greitt sitt með eldsneytissköttum sem ætlaðir eru til vegaframkvæmda og viðhalds. Þeir hafa ekki skilað sér í framkvæmdir. Nú þegar glittir í að sjálfskipuðu framkvæmdastoppi borgarstjórnar verði aflétt verðum við að gæta þess að borgarbúar fái ekki bakreikning. Sjálfsagt er að sérstakar framkvæmdir eins og Hvalfjarðargöngin séu fjármagnaðar með veggjöldum. Það er ekki síður ástæða til að spyrra hver eigi að greiða umframkostnað af 120 milljarða samgöngupakkanum. Það skiptir líka máli. Vaðlaheiðargöng, Landeyjahöfn, Sorpa og Bragginn eiga það sameiginlegt að hafa farið vel fram úr ætlanum. Við þurfum að gæta þess að framúrkeyrsla skili sér ekki með rukkun til borgarbúa. Til viðbótar við allt hitt. Það er kominn tími til að kjörnir fulltrúar sýni ráðdeild. Og gæti hagsmuna borgarbúa. Nög er rukkað í Reykjavík.



Við þurfum að gæta þess að framúrkeyrsla skili sér ekki með rukkun til borgarbúa.



Húvetningafélagið í Reykjavík

Framhaldsaðalfundur

Húvetningafélagsins í Reykjavík 2019, verður haldinn í sal D á annarri hæð í Hótel Hilton Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, þriðjudaginn 12. nóvember kl. 20,00.

Efni fundarins er:

1. Framhald aðalfundarstarfa, sem ekki tókst að ljúka á síðasta fundi.
2. Kosningar.
3. Önnur mál.

Stjórn Húvetningafélagsins í Reykjavík

Íslensk krabbameinsáætlun er lykill að árangri



Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins

Á árunum 2013 til 2016 vann ráðgjafarhópur á vegum velferðarráðherra að tillögum að íslenskrum krabbameinsáætlun sem áætlað var að gilda út árið 2020. Tillögurnar voru gefnar út árið 2017 en lítið gerðist fyrr en í lok janúar 2019, þegar Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra tilkynnti að hún hygðist vinna út frá þeim og fella krabbameinsáætlun að Heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Lítil umræða hefur verið um þessa tímamótaákvörðun heilbrigðisráðherra sem okkur hjá Krabbameinsfélaginu finnst ástæða til að vekja athygli á. Árið 2002 gaf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin út leiðbeiningar um gerð

krabbameinsáætlana, en þær eru áætlun hvernig þjóðar um hvernig skuli haga málum til að fækka nýgreiningum, draga úr dánartíðni og bæta lífsgæði einstaklinga með krabbamein. Þær skulu innihalda ákveðna þætti, vera heildstæðar og samfelldar og ná til allra þátta heilbrigðiskerfisins og annarra tengdra stofnana. Margt af því sem nefnt er í íslensku krabbameinsáætluninni er þegar til staðar og íslenskt samfélag er í fremstu röð varðandi greiningu og meðferð krabbameina.

Fjölgun krabbameinstilvika

Krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands spáir um 25-30% fjölgun krabbameinstilvika til ársins 2030. Ástæðan er fyrst og fremst hækkandi aldur þjóðarinnar. Sú staðreynd, auk sífellt betri meðferðar og greiningaraðferða, gerir krabbameinsáætlun enn mikilvægari þar sem fleiri og fleiri munu til dæmis lifa með krabbamein sem langvinna sjúkdóma. Hún er nauðsynlegt leiðarljós enda augljóst að ef stefna og markmið eru



Krabbameinsáætlanir hafa sannað gildi sitt í nágrannalöndum okkar og íslensk krabbameinsáætlun á örugglega eftir að gera það líka.

skýr næst betri árangur. Með því að fylgja eftir vandaðri krabbameinsáætlun getum við haldið stöðu okkar í fremstu röð og jafnvel náð enn betri árangri. Þá getum við tryggt krabbameinssjúklingum fyrsta flokks samfellda, heildræna

og örugga þjónustu með góðri og skynsamlegri nýtingu starfsfólks og fjármagns.

Rafræn gæðaskráning hafin

Krabbameinsfélagið hefur lengi þrýst á að íslensk krabbameinsáætlun liti dagsins ljós og lagði til umtalsverða fjármuni við undirbúning tillagnanna. Í kjölfar þess að áætlunin var samþykkt hélt Krabbameinsfélagið starfsdag með starfsfólki og fulltrúum aðildarfélaga þar sem unnið var með þau 10 markmið sem eru í áætluninni og þeim forgangsraðað. Niðurstaða starfsdagsins var að brýnast sé að tryggja að gæðavisar séu til um þá þjónustu sem sjúklingum býðst. Þeim sé svo fylgt eftir með gæðaskráningu og árangursmati, allt frá því að grunur vaknar um krabbamein þar til meðferð og endurhæfing er lokið. Rafræn skráning á gæðum meðferðar við krabbameinum er hafin í samstarfi Krabbameinsskrár Krabbameinsfélagsins og Landspítala. Sú skráning hefur þegar sannað árangur sinn en þarf að yfirfæra

á mun fleiri þætti, svo sem á mat á liðan og endurhæfingarpörfum sjúklinga. Þátttakendur í framangreindum starfsdegi þekkja þann góða árangur sem Íslendingar hafa náð í meðferð krabbameina. Að þeirra mati er árangursmat og gæðaskráning á meðferð og þjónustu, samræmdir verkferlar og samfella í þjónustu stór liður í að tryggja áframhaldandi góðan árangur. Með gæðaskráningu er til dæmis hægt að fylgjast með því hvort ákvörðun um meðferð er tekin á samráðsfundum, hvort sjúklingum er veitt of litil eða of mikil meðferð eða hvort endurhæfingarþarfir eru metnar reglubundið.

Danir vinna nú út frá fjórðu krabbameinsáætlun sinni og í gegnum hana hefur þeim, sem áður voru eftirbátar annarra Norðurlanda í ýmsu tengdu krabbameinum, tekist að bæta árangur umtalsvert. Krabbameinsáætlanir hafa sannað gildi sitt í nágrannalöndum okkar og íslensk krabbameinsáætlun á örugglega eftir að gera það líka.

Viljum við ekki kenna börnum að lesa?



Sara Dögg Svanhildardóttir oddviti Viðreisnar í bæjarstjórn Garðabæjar

Á hvert eru haldnar hér á landi fleiri en ein og fleiri en tvær ráðstefnur um jafnréttismál af einhverjum toga. Landsfundur Jafnréttisstofu er sömuleiðis ár hvert. Allt til þess gert að skerpa á sýninni, vekja athygli á stöðu mála en ekki sist til þess að hvetja til framfara og vona

að nú þokist mál aðeins hraðar í dag en í gær í rétta átt. Í ár var síðan haldin gríðarlega öflug #metoo-ráðstefna þar sem kynjamisréttið í allri sinni mynd var undir. Kraftmikil ráðstefna þar sem farið var ofan í saumana á stöðu kynjanna. Sérfræðingar alls staðar að rýndu stöðu jafnréttismála, hinn kerfislega mun á valdastöðu kynjanna. Þar sem konur verða undir hvert sem lítið er.

Ójafnvægið blasti við. Misréttið og ofbeldið var öllum ljóst og var rætt í þaula, í einlægri von um að umræðan hafi djúpstæð áhrif til breytingar. Að heimurinn vakni, bretti upp ermar og geri það sem gera þarf til þess að breyting eigi sér stað.

Tregðan við breytingar

Á öllum þessum ráðstefnum réttir fólk upp hönd og spyr: Hvað er menntakerfið að gera þegar kemur að jafnréttismálum? Hvers vegna er ekki verið að taka jafnréttiskenndu inn í skólakerfið? Jafnréttiskenndu, sem hefur áhrif á viðhorf, byggir upp virðingu gagnvart einstaklingnum og gerir börnum og ungmennum ljóst að það þarf að leiðrétta fyrirbæri sem kallað er kynjahall. Sem kennir þeim að viðhorf og menning ráða því hvar við erum núna og að við verðum að rýna til gagns í hegðun og viðhorf okkar. Hvers vegna er menntakerfið svona þversum þegar kemur að þessu gríðarlega réttlætismáli? Hvers vegna leggur menntakerfið

ekki alla áherslu á réttlátara samfélag allra kynja?

Við búum nú þegar yfir dýrmætri reynslu innan skólakerfisins um það hvernig megi vinna markvisst með jafnrétti kynja þar sem nálgunin er einmitt á viðhorf. Þar sem rýnt er í hegðun kynja með virkri þátttöku barna og ungmenna sjálfrá. Við vitum að slík vinna hefur jákvæð áhrif til lengri tíma. Og það er það sem skiptir máli: Að ná árangri til langs tíma, svo breyta megi hegðun og viðhorfi varanlega.

Við náum einfaldlega engum árangri ef ekki er farið inn í kjarna málsins. Rétt eins og börn verða ekki læs ef ekki er kenndur lestur.



Við búum nú þegar yfir dýrmætri reynslu innan skólakerfisins um það hvernig megi vinna markvisst með jafnrétti kynja þar sem nálgunin er einmitt á viðhorf.

GLÆNÝR FOCUS ACTIVE

KRÖFTUGUR OG FJÖLHÆFUR Í JEPPASTÍL!

- Árekstrarvari að framan, nemur einnig gangandi og hjólandi vegfarendur
- Veglínuskynjari og umferðaskiltalesari
- Leðurklætt stýrishjól
- Loftkæling
- Aksturstölva
- My Key (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða ofl.)
- ECO mode eldsneytisparnaðarkerfi
- SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu í 112
- Apple CarPlay og Android Auto
- 8" snertiskjár
- Stillanlegir akstursmátar (Normal/Eco/Sport/Trail og Snow)
- Easy fuel eldsneytisfylling án loks
- ESC stöðugleikastýrikerfi
- TC spólvörn
- TVC (Torque Vectoring Control)
- LED dagljós með birtuskynjara
- Hraðatakmarkari
- Brekkuaðstoð

Ford tekur þig lengra

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus Active



Ford Focus Active
Verð frá 3.690.000 kr.



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Ferðastyrkur Vildarbarna afhentur fyrsta vetrardag.

Tuttugu börnum og fjölskyldum þeirra, samtals eitt hundrað manns, var fyrsta vetrardag afhentur ferðastyrkur úr sjóðnum Vildarbörn Icelandair. Alls hafa 697 fjölskyldur notið stuðnings sjóðsins frá stofnun hans fyrir 16 árum og var úthlutunin í dag sú 33. í röðinni.

Sjóðurinn er fjármagnaður með beinu fjárframlagi Icelandair, frjálsum framlögum félaga í Saga Club Icelandair, með söfnun myntar og sölu Vildarengilsins um borð í flugvélum Icelandair, söfnunarbaukum á Keflavíkurflugvelli og söluskrifstofum Icelandair. Einnig koma til frjáls framlög og viðburðir.

Starfsemi Vildarbarna Icelandair byggir á hugmyndum og starfi Peggy Helgason, sem hefur um árabíl unnið sem sjálfboðaliði á barnadeildum sjúkrahúsa í Reykjavík. Vigdís Finnbogadóttir er verndari sjóðsins. Markmið sjóðsins er að gefa langveikum börnum og börnum sem búa við erfið skilyrði, og fjölskyldum þeirra, tækifæri til þess að fara í draumaferð sem þau ættu annars ekki kost á.

Líkt og við úthlutun styrkjanna undanfarið afhentu Sambíóin börnunum bíómiða og Flugfreyjukór Icelandair skemmti viðstöddum með söng.





22,8% er sigurhlutfall Tiger á PGA-mótaröðinni en hann hefur unnið 82 af 359 mótum.

1 Sam Snead er enn eini karlkylfingurinn í sögunni sem hefur unnið mót á LPGA-mótaröðinni, sterkustu kvennamótaröð heims.

5 Tiger er fimmti maðurinn í sögunni sem vinnur risamót og annað mót á sama ári eldri en 43 ára.

487 kylfingar höfðu unnið mót á PGA-mótaröðinni þegar Tiger vann sitt fyrsta mót árið 1996 en Tiger trónir nú á toppnum.

3 Þetta er þriðja mótið sem Tiger vinnur á síðustu 400 dögum ásamt Masters og Tour Championship eftir tæplega fimm ára bið þar áður.

7 Japan er sjöunda landið þar sem Tiger vinnur mót á PGA-mótaröðinni á eftir Bandaríkjunum, Kanada, Spáni, Skotlandi, Írlandi og Englandi.

425 mót tók það Sam Snead að ná 82 sigrum á PGA-mótaröðinni. Hann lék á 160 mótum til viðbótar á átján árum án þess að vinna.

4 sinnum aðeins hefur Tiger misst forskotið úr greipum sér í þau 59 skipti sem hann hefur haft forystu fyrir lokahringinn.

100% þegar Tiger hefur leitt með þremur höggum eða meira fyrir lokahringinn hefur hann alltaf landað titlinum í lok móts.

15 risatitla hefur Tiger unnið á ferlinum. Aðeins Jack Nicklaus (18) hefur unnið fleiri.

6 Með sigrinum komst Tiger upp í sjötta sæti heimslistans í golfi, tæpum tveimur árum eftir að hafa verið í 1.199. sæti listans.

4 Tiger getur orðið þriðji maðurinn í sögunni til að vinna mót á fjórum mismunandi áratugum á eftir Snead og Raymond Floyd.

Met Nicklaus það eina sem Tiger vantar


Tiger Woods jafnaði um helgina 54 ára gamalt met Sams Snead þegar hann vann sitt 82. mót á PGA-mótaröðinni. Allt stefnir í að Tiger taki fram úr Snead á næstu árum og met „Gullbjarnarins“ Jacks Nicklaus yfir fjölda risatitla er í sjónmáli.

GOLF Um 23 árum eftir að Tiger Woods vann sitt fyrsta mót á PGA-mótaröðinni sem tvitugt ungstirni tókst honum að jafna met Sams Snead um helgina þegar hann stóð uppi sem sigurvegari í 82. sinn á PGA-mótaröðinni á löngum og farsælum ferli. Þetta var fyrsta mót Tigers í tæpa tvo mánuði eftir að hann gekkst undir aðgerð á hné í fimmta sinn á ferlinum og tókst honum að halda aftur af heimamanninum Hideki Matsuyama á lokakafnanum. Tiger leiddi með þremur höggum fyrir lokahringinn og í 25. sinn á ferlinum tókst honum að breyta þriggja högga forskoti í sigur, til þessa hefur engum öðrum tekist að vinna mót þegar Tiger leiddi með þremur höggum eða meira fyrir lokahringinn.

Tiger var ekki búinn að ná að fylgja eftir Masters-titlinum í vor

og voru sjö mánuðir liðnir síðan hann kom í hús á 67 höggum eða minna þegar kom að mótinu í Japan. Tiger virtist oft þreytulegur og fór undir hnifinn í lok ágúst eftir að tímabilinu lauk á PGA-mótaröðinni til að leysa vandamál með vinstra hné. Mótið í Japan var því frumraun hans á þessu tímabili og stóðst hann væntingar og gott betur en það. Tiger lék stöðugt og gott golf alla fjóra hringina þrátt fyrir að úrhellisrigning hafi sett strik í reikninginn og gert það að verkum að hann lék 26 holur á sunnudeginum og síðustu átta holurnar á mánudegi.

Tiger var skiljanlega stoltur af afrekinu þegar hann var spurður að því hvað sigurinn í Japan þýddi. „Það er ótrúlegt að hafa náð þessu, þetta eru ansi mörg mót. Þetta var langt mót, fimm dagar og ég fann



Tiger Woods ungur og brosmildur eftir að hafa unnið sitt fyrsta mót á PGA-mótaröðinni í Las Vegas árið 1996, þá nýorðinn tvitugur, rétt rúmum sex vikum eftir að hann ákvað að gerast atvinnukylfingur. NORDICPHOTOS/GETTY

Ótrúlega glaður fyrir hönd Tigers Wood og golfþróttarinnar að sjá hann vinna 82. mótið.

Twitter-færsla Jacks Nicklaus

» Eftir að hafa fengið þrjá skolla í röð í byrjun móts fékk Tiger fimm skolla það sem eftir lifði mótsins.

fyrir pressunni,“ sagði Tiger léttur, aðspurður út í 82. sigurinn eftir mótið. „Sam var ennþá að á sextugsaldri, ég er á fimmtugsaldri og það sem þetta snýst um er stöðugleiki til margra ára,“ sagði Tiger um Snead sem hann hitti fyrst sem fimm ára gutti.

Það verður að teljast ansi líklegt miðað við spilamennsku síðasta árs að Tiger muni taka fram úr Snead og setja met sem verður ef til vill aldrei bætt. Tiger, sem er af flestum talinn einn besti kylfingur allra tíma, vantar eitt met til að sitja einn að krúnunni, með þremur risamótstitlum í viðbót jafnar hann met Jacks Nicklaus sem vann á sínum tíma átján risameistararitla. Takist Tiger að jafna „Gullbjörninn“ getur enginn efast um að Tiger er einn besti kylfingur allra tíma. kristinnpall@frettabladid.is

KVÍÐ

FRÍÐJUDAGUR 29. OKTÓBER 2019

Skógrækt



Stefnt að fjórföldun á plöntun trjáa

Nýskógrækt eða ræktun skóga á skóglausu landi hefur lengi verið viðurkennd aðferð til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda með bindingu koldíoxíðs úr andrúmslofti. Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að gera Ísland kolefnishlutlaust árið 1940. ➔2

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Í nýlegri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um Ísland og loftslagsmál er fjallað um möguleika til að draga úr nettó-útstreymi gróðurhúsalofttegunda til að ná þeim markmiðum sem landið hefur gengist undir. Þar kemur skýrt fram að aukin kolefnisbinding með skógrækt og landgræðslu spilar lykilhlutverk í að gera Íslandi kleift að ná markmiðum sínum um samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Mikilvægi kolefnisbindingar verður enn meira þegar markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi 2040 er tekið inn í dæmið.

Skógræðingarnir Arnór Snorrason og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir skrifuðu saman grein í Skógræktarrítið þar sem árleg kolefnisbinding eins hektara (100 x 100 metra svæði) af algengustu trjategundum á Íslandi er meðal annars tekin saman. Bindingin er mæld í tonnum af koldíoxíði (CO₂) á hektara á ári að meðaltali á líf-tíma skógarins.

| | |
|------------|------|
| Alaskaösp | 16,2 |
| Sitkagreni | 8,3 |
| Stafafura | 7,0 |
| Rússalerki | 7,2 |
| Ilmbjörk | 3,1 |

Tölurnar miðast við meðalgrösku

Alaskaöspin bindur mikið

„Gróskustig trjategundanna er mismunandi. Það er meðal annars metið með því að skoða hvað hæðarvöxturinn er mikill. Trjategundir eins og alaskaösp og sitkagreni hafa hæsta gróskustigið, þú sérð það þegar þú gengur um Reykjavík eða einhvers staðar í skógrækt að þessar tvær trjategundir standa upp úr öllum öðrum, þær eru langhæstar,“ segir Arnór.

„Stafafuran og Rússalerkið geta líka orðið hávaxnar en þær tegundir eru samt oftast lægri en alaskaöspin og sitkagreni. Svo er íslenska birkið frekar lágvaxin trjategund. Það er þess vegna ekki með mikla bindingu en er mjög notadrjúgt á margan hátt því það vex vel við erfið skilyrði.“

Arnór tekur fram að bindingin í töflunni á bara við um bindingu í trjám. Síðan bætist við það einhver jarðvegsbinding á þurrlandi og hugsanlega losun á framræstu mýrlandi. Framræst land er þó sjaldgæft í skógrækt á Íslandi eða um 7% af flatarmáli skógræktar. Stefnt er af því að auka hlutfall alaskaaspar og birkis á næstu árum.

„Hlutfallið skiptir miklu máli upp á heildarbindinguna. Ef við erum með meira af alaskaösp og minna af trjám sem binda lítið þá eykst bindingin. Kosturinn við alaskaösp er að lotulengdin er stutt, það er tíminn sem tekur tréð að vaxa. Alaskaöspin nær því mikilli bindingu á stuttum tíma,“ útskýrir Arnór.


Hann segir að vegna loftslagsbreytinganna liggja okkur á og því gæti borgað sig að fara yfir í að planta eins miklu og hugsast getur af alaskaösp til að auka bindingu. Án þess þó að draga úr birki. „Við viljum alltaf halda birki í 30% eins hefur verið undanfarna áratugi. Fyrir utan það að vera íslensk tegund hefur það reynst vera mjög duglegt að festa rætur á örfoka landi eins og til dæmis í nágrenni Heklu.“

Erfitt að áætla kostnað

Í skýrslu um loftslagsmál sem gefin var út á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands árið 2017 kemur fram að hver ferkílómetri af nýræktuðum skógi kostar um 35 milljónir króna (á verðlagi frá árinu nóvember 2015). Þar er allur beinn kostnaður tekinn með.



Arnór segir að ef vextir lækka verði skógrækt mun hagkvæmari. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Sitkagrenið verður hátt og hefur háa bindingu.

„Vegna loftslagsbreytinganna liggur okkur á og því gæti borgað sig að fara yfir í að planta eins miklu og hugsast getur af alaskaösp til að auka bindingu.“

erfiðara og erfiðara að kaupa sér losunarheimildir eins og stóriðjan á Íslandi þarf gera í dag. Á hverju ári er losunarkvóti stóriðjunnar skertur. Ef iðjuverin ætla að halda sömu framleiðslu, sem þýðir sömu losun, þurfa þau að kaupa sér kvóta sem nemur skerðingunni. En hann verður sífellt dýrari. Það verður því sífellt óhagkvæmara fyrir stóriðjuna á Íslandi að halda sömu framleiðslu gangandi.“

Bindur um 10% af losuninni

Skógræktin safnar saman gögnum í árlega skýrslu Íslands til ramma-samnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

„Við erum með fasta mælifleti sem dreifðir eru um landið. Í ræktuðu skógunum heimsækjum við hvern mæliflöt á fimm ára fresti. Þannig að á hverju ári heimsækjum við 1/3 af mæliflötunum. Við fáum því niðurstöður um bindingu fyrir fimm ára tímabil. Þessar mælingar eru algjör grundvöllur fyrir að geta birt raunmat á bindingu,“ segir Arnór.

„Við byrjuðum að mæla árið 2005 og síðan þá hefur orðið meiri vöxtur og meiri binding í skógunum. Það eru komin vel yfir 300 þúsund tonn sem skógurinn er að binda á ári. Þannig að við erum að binda upp undir 10% af losun okkar manna.“

Arnór segir að stefnan sé að halda áfram að rækta nýja skóga til að ná sem mestri bindingu. „Skógræktin hefur ekki náð sér almennilega á strik eftir hrun. Við vorum að gróðursetja 6 milljónir plantna á ári fyrir hrun sem fór niður í 3 milljónir eftir hrun, en stefnan er að fara upp í 12 milljónir og ná því fyrir 2023.“

Alaskaöspin vex hratt og nær mikilli bindingu á stuttum tíma.



Í skýrslunni er gert ráð fyrir að kostnaðurinn verði óbreyttur til frambúðar og að engin stærðar-hagkvæmni náist með auknu umfangi. Þar segir að á móti kostnaðinum komi tekjur vegna skógarhöggs, 13.900 krónur á hvern rúmmetra víðar. Í skýrslunni er miðað við 5% reiknivexti á bæði nettó kostnað og á bindingu gróðurhúsalofttegunda, sem Arnór telur að séu nokkuð háir viðmiðunarvextir í dag og því gæti kostnaðurinn verið lægri.

Í skýrslunni kemur enn fremur fram kostnaður við að binda hvert tonn af CO₂ í skógrækt sé um 2.500 kr. Þar sem stærstur hluti kostnaðar fellur til við gróðursetningu en binding CO₂ á sér stað árum og áratugum síðar er erfitt að áætla nákvæman kostnað. Í áðurnefndri skýrslu kemur fram að ef reiknivextir eru 4% er kostnaðurinn við að binda hvert tonn af CO₂ um 1.500 krónur og ef reiknivextir eru 3% er kostnaðurinn um 500 krónur. Val á reiknivöxtum hefur því mikið að segja þegar kostnaður á hvert bundið tonn er áætlaður.

„Ef vextir eru lækkaðir verður skógrækt miklu hagkvæmari,“ segir Arnór. „Allt bendir til þess að verð á kolefnistoni hækki á næstu árum. Það verður alltaf

Mígreniköstin urðu færri

Þarmaflóran gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í heilsufari okkar, hvort sem um er að ræða líkamlega eða andlega heilsu. Bio-Kult getur dregið verulega úr tíðni höfuðverkja og mígrenis.

Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á að þarmaflóran gegni lykilhlutverki í samspili garna og heila (gut-brain-axis) og getur ójafnvægi í þarmaflórinni m.a. tengst ýmsum taugasjúkdómum. Tenging milli tauga- og meltingarfærasjúkdóma getur hugsanlega verið afleiðing aukins gegndræpis í þörmunum þar sem óæskileg efni úr þeim ná að komast út í blóðrásina og valda ýmskonar bólgum. Gagnlegir stofnar af örverum í þörmunum gegna lykilhlutverki í að styðja við heilbrigði meltingarfæra auk þess að viðhalda og bæta virkni þarmanna og breyta þannig ónæmissvörun ásamt því að draga úr bólgum.

Ójafnvægi á þarmaflóru

Þegar ójafnvægi kemst á þarmaflóruna (örveruflóruna) í meltingarveginum, koma fram óþægindi sem geta verið af ýmsum toga. Þetta er til dæmis:

- Uppþemba
- Brjóstsviði
- Harðlifi/niðurgangur
- Sveppasýkingar
- Húðvandamál
- Höfuðverkur/mígreni
- Iðraólga (IBS)

Mataræði, lyf og streita

Það er ýmislegt sem getur valdið ójafnvægi á þarmaflórinni þannig að við finnum fyrir óþægindum. Slæmt mataræði hefur mikil áhrif og eins og alltaf eru unnin matvæli og sykur þar fremst í flokki. Lyf eins og sýklalyf, sýrubindandi lyf og gigtarlyf eru slæm fyrir þarmaflóruna og svo getur streita einnig haft alvarlegar afleiðingar.

Rannsóknir á Bio-Kult

Í tvíblindri samanburðarrannsókn* sem gerð var á tengslum þarmaflóru við höfuðverki og mígreni var sýnt fram á að Bio-Kult, sem inniheldur 14 stofna af góðgerlum, getur dregið verulega úr tíðni og alvarleika mígrenis hjá fullorðnum.

Í rannsókninni fengu 100 sjúklingar sem greindir hafa verið með langvarandi mígreni annaðhvort Bio-Kult® Advanced (14 góðgerlastofna; 4 milljarða gerla á dag) eða lyfleysu í 8-10 vikur. Niðurstöðurnar sýndu að tíðni mígrenikasta hafði verulega minnkað hjá rann-



Tengsl milli þarmaflóru og annarrar líkamsstarfsemi eru vel þekkt og er talið að léleg þarmaflóra geti meðal annars haft áhrif á höfuðverki og tíðni þeirra.



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfari hjá Artasan.

sóknarhópnum samanborið við lyfleysuhópinn eða um 40-45%. Styrkur mígrenikastanna dróst einnig saman um 29-31%. Þessar niðurstöður benda sterklega til þess að frekari rannsókna sé þörf.

“Niðurstöðurnar sýndu að tíðni mígrenikasta hafði verulega minnkað hjá rannsóknarhópnum samanborið við lyfleysuhópinn eða um 40-45%. Styrkur mígrenikastanna dróst einnig saman um 29-31%.”

Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfari

Bio-Kult Migréa

Bio-Kult Migréa er blanda af 14 góðgerlastofnum sem inniheldur einnig magnesíum og B6-vítamín en það tvennt stuðlar að eðlilegri starfsemi taugakerfisins og dregur úr þreytu og lúá. Rannsóknir benda til þess að magnesíum geti aukið mótstöðu gegn streitu á meðan B6 stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins og að því að halda reglu á hormónastarfseminni.

Bio-Kult Migréa er ný vara í Bio-Kult góðgerlalinunni sem margir kannast við. Hver vara er sérstök og hönnuð til að vinna á eða draga úr ákveðnum einkennum. Migréa, eins og nafnið bendir til, er þróað með það í huga að viðhalda heilbrigðri þarmaflóru og draga úr höfuðverkjum. Eins og fram kemur hér að framan eru tengsl milli þarmaflóru og annarrar líkamsstarfsemi vel þekkt og er talið að léleg þarmaflóra geti m.a. haft áhrif á höfuðverki og tíðni þeirra.

Bio-Kult Migréa inniheldur:

- 14 góðgerlastofna (2 milljarðar gerla í hverju hylki)
- B6-vítamín
- Magnesíum

Hylki og innihald er vegan og hentar einnig fyrir ófrískar konur.

Heilbrigður lífsstíll

Eins og ávallt þarf að huga vel að lífsstílnum og tileinka sér heilbriggt líferni. Sofa nóg, hreyfa sig daglega, drekka vatn og borða hreinan og óunninn mat. Fordást óreglu, sykur og áfengi í óhöfi og muna að þakka fyrir hvern dag og vera glaður. Við getum öll náð ótrúlegum árangri ef viljinn er til staðar.

* <https://journals.sagepub.com/>: The effects of a multispecies probiotic supplement on inflammatory markers and episodic and chronic migraine characteristics: A randomized double-blind controlled trial.

D-VÍTAMÍN FYRIR TENNUR, BEIN OG ÖFLUG ÓNÆMISKERFI

Góð gæði á góðu verði!

4 mánaða skammtur

Skv. Landlækni þurfa allir að taka inn D-vítamín allt árið þar sem nægilegt magn fæst ekki úr daglegri neyslu matvæla og sólskin er af skornum skammti.



Útsölastaðir: Flest apótek, heilsumillur stórmarkaða.

Aukning í kolefnisjöfnun

Sjóðurinn Kolviður gerir bæði fólki og fyrirtækjum kleift að kolefnisjafna útblástursáhrif sín. Það er greinilega mikill áhugi á að leggja sitt af mörkum því þátttakan hefur margfaldast á milli ára.

Markmið Kolviðar er að draga úr styrk koldíoxíðs í andrúmslofti með því að binda kolefni með skógrækt, en Reynir Kristinsson, stjórnarformaður Kolviðar, segir að í raun séu margar leiðir til kolefnisjöfnunar. „Skógrækt er ein og endurheimt votlendis er önnur,“ segir hann. „Munurinn á þessu tvennu er kannski helst að þó að endurheimt votlendis minnki útöndun kolefnis dregur votlendið ekki til sín kolefni úr andrúmsloftinu líkt og skógur gerir, þó endurheimt votlendis sé vissulega ekki síður göfugt og mikilvægt verkefni.“

Skógurinn hefur líka viðtækari áhrif, því hann klæðir og ver landið og býr til náttúrulegt skjól fyrir menn og dýr, ásamt því að skapa skemmtileg útivistarsvæði,“ segir Reynir. „Þannig er skógrækt ákveðið lýðheilsuspursmál. Þannig að þó að fólk og fyrirtæki sem koma til okkar séu bara að reyna að kolefnisjafna sig þá er ávinningurinn meiri en bara það.“

Við landnám var landið þakið skógi, en í dag er skógarþekjan bara um 1-2%, þannig að það er mikið að vinna ef við getum náð aftur svipuðum aðstæðum og voru þegar landnám hófst,“ segir Reynir. „Þeir sem bjuggu hér á



Reynir Kristinsson, stjórnarformaður Kolviðar, segir að það sé gríðarlegur vöxtur í kolefnisjöfnun hjá bæði einstaklingum og fyrirtækjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFAN

með því að taka þátt í þessu verkefni með okkur,“ segir Reynir. „Þátttakan hefur raunar verið mun meiri en við bjuggumst við, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum.“

Á síðasta ári kolefnisjöfnuðum við innan við 150 tonn fyrir einstaklinga, en í ár ætlar sú tala að fara upp í 2.500 tonn. Það þýðir að í fyrra gróðursettum við 1.500 tré fyrir einstaklinga en í ár verða þau um 25 þúsund!“ segir Reynir. „Þetta er rosalegur vöxtur og sýnir þá vitund sem fólk hefur og viljann til að leggja sitt af mörkum. Kolefnisjöfnun fyrir fyrirtæki hefur líka aukist mjög mikið á milli ára, þar hefur magnið þrefaldast.“

Það er því virkilega mikið að gerast og í heild gróðursettum við um 400 þúsund tré á næsta ári,“ segir Reynir. „Ég held að það sé ekki langt í að við verðum farin að gróðursetja um milljón tré á ári. Þetta er bara frábær þróun.“

undan okkur þurftu á þessum við að halda, en nú höfum við efni á að skila þessu til baka.“

Nú eru til dæmis uppi hugmyndir um að koma upp skógi á Mosfellsheiði og ef það gerist skapast frábært nýtt útivistarsvæði þar í framtíðinni og það breytir veður-

fari á höfuðborgarsvæðinu með því að búa til auknið skjól,“ segir Reynir. „Við erum heldur ekki bara að einblína á höfuðborgarsvæðið og nágrenni þess. Í síðustu viku vorum við að ganga frá áætlunum um að gróðursetja á Vopnafirði, Húsavík og Akureyri á næsta ári og

við ætlum líka að gróðursetja tré á Suðurlandi við Úlfliótsvatn og á Geitasandi.“

Stutt í milljón tré á ári

„Það hefur verið mikil umræða um samfélagslega ábyrgð og fyrirtæki hafa sýnt hana af krafti



Vandlega útfærð og ört vaxandi skógrækt

Hreinn Óskarsson, sviðstjóri samhæfingar sviðs Skógræktarinnar, segir að huga þurfi að mörgu við skipulagningu skógræktar.

Ræktaðir skógar þekja í dag aðeins hálf prósent landsins og birkiskógar 1,5%,“ segir Hreinn. „Áætlanir eru uppi um aukna skógrækt og mikilvægt er að hún sé skipulögð í sátt við aðra landnýtingu og hagsmuni. Skógrækt er í dag vel skipulögð landnýting, sérstaklega ríkisstyrkt skógrækt.“

Það má skipta skipulagi skógræktar í þrennt: fyrsta stigið snýr að ræktunaráætlunum á einstökum jörðum, næsta að landshlutaáætlunum og þriðja felur í sér áætlun á landsvísi,“ útskýrir Hreinn. „Í nýjum skógræktarlögum sem voru samþykkt á Alþingi í maí síðastliðnum bættust þær síðastnefndu við.“

Hreinn segir mikinn áhuga á skógrækt meðal landsmanna. Margir séu nú þegar virkir þátttakendur eða hafa skilað inn umsókn og biða svara. „Nú eru um 650 þátttakendur í skógrækt á lögbýlum um land allt og um 100 umsóknir í ferli. Umsóknarferlið er nokkuð langt enda þarf að taka



Hreinn Óskarsson, sviðstjóri samhæfingar sviðs Skógræktarinnar, segir skipulagningu á skógrækt vera margþætta. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

tillit til margra þátta þegar ný skógræktarlönd eru skipulögð,“ útskýrir Hreinn.

Fagleg vinnubrögð einkenna ferlið. Skógræktarráðgjafar hafa umsjón með áætlanagerð og taka tillit til fjölda atriða sem hafa þarf til hliðsjónar. „Landið er skipulagt áður en skógrækt hefst og þarf samþykkt sveitarfélags áður en framkvæmdir hefjast. Skoða þarf hvort á landinu sé friðlýst náttúruverndarsvæði, fornminjar, vatnsból, vistkerfi og jarðminjar

sem njóta verndar eða annað sem ekki er æskilegt að rækta skóg á.

Nú er unnið að fyrstu Landsáætlun í skógrækt. Hún fjallar um stöðu og framtíð skógræktar í landinu næstu 10 árin. Í áætluninni verður fjallað um allt er tengist skógrækt og áhrifum á skóga. Stefnt er því að fyrsta landsáætlunin verði tilbúin haustið 2020 en fyrst mun hún verða til kynningar í samráðsgátt. Ítarlegri landshlutaáætlunir verða svo gerðar fyrir einstök sveitarfélög eða landshluta.“



BYKO kolefnisjafnar reksturinn með skógrækt

BYKO hefur gert samning við Skógræktina um mat á bindingu skógræktar og náttúrulegra birkiskóga í landi fyrirtækisins að Drumboddsstöðum í Biskups-tungum.

Berglind Ósk Ólafsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála hjá BYKO, segir að BYKO vinni að samfélagslegri ábyrgð og úttektin á skóginum að Drumboddsstöðum sé einn liðurinn í því. Náttúrulega birkið í skóginum hefur breiðst mikið út á rúmum 30 árum og flatarmál þess hefur rúmlega þrefaldast, segir Berglind. Meðalhæð þess hefur líka hækkað mikið. „Með þessu sýnir BYKO samfélagslega ábyrgð og er að vinna að því að kolefnisjafna reksturinn,“ segir hún. „BYKO kaupir ekki með þessu bindingu, til dæmis í gegnum Kolvið eða aðra skógrækt, heldur nýtir eigin skóg,“ bætir hún við. „Segja má að fyrirtækið hafi í raun og veru verið að kolefnisbinda rekstur sinn á undanförunum þrjátíu árum. Það er einstakt að fyrirtæki eigi slíka auðlind sem þessi skógur er og stuðli að kolefnisbindingu á móti þeirri losun sem hlýst af rekstrinum. Nú er kominn tími til að meta hversu mikil binding er í skóginum og koma réttum tölum í umhverfisbókhalðið. Nú í haust verður unnið bindingarmat til bráðabirgða út frá þessum fyrirliggjandi upplýsingum. Frekari vinna við mat á bindingu skóglendisins að Drumboddsstöðum fer svo fram næsta sumar og haust. Lokaskýrslu er síðan að vanta í lok næsta árs.“

Berglind segir að sögu skógræktar á vegum BYKO að Drumboddsstöðum megi rekja til Guðmundar H. Jónssonar, annars stofnenda Byggingavöruverslunar Kópavogs. Skógræktaráhugi hans og annarra í þeim fjölskyldum sem komu BYKO á legg varð kveikjan að því að fyrirtækið fór að leita að hentugu skógræktarlandi þar sem rækta mætti nytjaskóg og skila þannig til baka til náttúrunnar í stað þess timburs sem fyrirtækið seldi í verslunum sínum, eins og sagt er frá í grein Áskels Arnar Kárasonar í fyrra tölublaði Skógræktarráttisins árið 2012. Þar er rakin saga skógræktar BYKO að Drumboddsstöðum. Hún hófst formlega 14. júní 1987 á 25 ára afmæli fyrirtækisins með því að Sigurður Blöndal, þáverandi skógræktarstjóri, gróðursetti fyrstu grenitrén á svæðinu. Síðan hefur bæði verið gróðursettur nytjaskógur og birki breiðst mikið út af sjálfsdáðum.

Eigendur og starfsmenn BYKO fóru árlega að Drumboddsstöðum og lögðu hönd á plóginn við gróðursetningu um 130 þúsund trjáplanta allt fram til ársins



Berglind Ósk Ólafsdóttir er verkefnastjóri umhverfismála hjá BYKO. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hlutverk Skógræktarinnar

Skógræktin tekur nú að sér verkefni fyrir BYKO sem felst í gagnaöflun og úrvinnslu gagna. Arnór Snorrason og Björn Traustason á loftslagsdeild rannsóknarsviðs Skógræktarinnar hafa að undanförunum víðað að sér gögnum um bæði ræktaða skógin og náttúrulega birkiskóginn á Drumboddsstöðum. Fyrir liggur kortlagning Skógræktarinnar af öllum birkiskögum í landinu sem gerð var á árunum 2010-2014. Einnig er fyrir hendi gróf afmörkun á ræktaðum skógi, bæði í gagnagrunni Skógræktarinnar og gögnum skógræktarráðunauts Skógræktarinnar á Suðurlandi. Við samanburð á þeim gögnum og gögnum Sigvalda Ásgeirssonar skógræðings frá 1988 kemur ýmislegt í ljós:

- Náttúrulegi birkiskógurinn og kjarrið þakti um 54 ha. lands 1988 en var nokkuð gísinn. Þekjuvegjið flatarmál miðað við 100% krónuþekju var þá tæpir 27 ha. Sigvaldi skráði einnig að náttúrulegt birki væri byrjað að dreifa sér á 57 ha. til viðbótar. Flatarmálsvegin hæð birkisins var 1,6 m. Nú, 30 árum seinna, er flatarmál náttúrulega birkisins 188 ha. og miðað við 100% þekju er flatarmál þess 88 ha. Það hefur sem sagt rúmlega þrefaldast! Meðalhæðin hefur líka aukist frá 1,6 m í 2,2 m á þessum tíma. Þetta sýnir hversu mikil áhrif beitarfríðun getur haft á sjálfræðslu birkis.
- Hvað varðar ræktaðu skógana hafði aðeins verið gróðursett í 4 ha. að Drumboddsstöðum haustið 1988. Samkvæmt mati Arnórs og Björns er flatarmál ræktaðra skóga nú um 45 ha. Ræktaðu skógarnir hafa því tífaldast að flatarmáli.



2007. „Til stendur að endurverkja þá hefð, fyrst og fremst út frá gleðilegum gildum sem einkenndu þessar árlegu ferðir,“

segir Berglind, en um leið í þeirri viðleitni að gera enn betur en að stuðla að kolefnishlutleysi rekstrar.



Sigurður B. Pálsson, forstjóri BYKO, og Edda Sigurdis Oddsdóttir, sviðsstjóri rannsóknarsviðs Skógræktarinnar, við undirritun samningsins.



Fyrsti skógræktardagur BYKO á Drumboddsstöðum 14. júní 1987.

Nytjajurt sem nýtist víða

Hjónin Pálmi Einarsson og Oddný Anna Björnsdóttir stunduðu tilraunaræktun á hampi í Berufirði í sumar. Þau segja plöntuna bjóða upp á ótal möguleika og vilja sjá hana nýtt.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Hampur hefur fengið slæmt orðspor á síðustu áratugum, þar sem margir tengja þessa nytjajurt fyrst og fremst við vímu-efnið sem ákveðin afbrigði kanna-bisplöntunnar framleiða. En orðið hampur er notað yfir afbrigði sem inniheldur aðeins snefilmagn af vímugjafa og býður upp á ótal möguleika í iðnaði og matvæla-, lyfja- og fæðubótarefnaframleiðslu, ásamt því að hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Á síðustu árum hefur hampurinn því sífellt meira verið tekinn í sátt.

Á síðasta ári ákváðu hjónin Oddný Anna Björnsdóttir viðskiptafræðingur og Pálmi Einarsson iðnhönnuður að selja húsið sitt í Kópavogi og kaupa jörðina Gautavík í Berufirði, þar sem þau hafa meðal annars gert tilraunir með ræktun og vinnslu hamps.

„Okkar nálgun að þessu snýr aðallega að iðnaðinum, en ekki fæðubótarefnaframleiðslu, en maðurinn minn hefur skoðað iðnaðarhamp í meira en áratug,“ segir Oddný. „Hann byrjaði að kynna sér plöntuna þegar hann starfaði sem þróunarstjóri hjá Össuri hf. og fór að velja fyrir sér hvort hægt væri að nota hamptrefjar í stað kol- og gler-trefja. Fljótlega var hann farinn af gapa af undrun yfir öllum þeim möguleikum sem plantan býður upp á.“

Settu upp sýnidæmi

„Á endanum ákváðum við að besta leiðin til að kynna kostina væri að setja upp sýnidæmi,“ segir Oddný. „Hugmyndin okkar var ekki að græða á þessu, heldur fyrst og fremst vitundarvakning um hvernig hampur getur hjálpað okkur við að draga úr neikvæðum áhrifum mannsins á jörðina og auka sjálfbærni, en Ísland hefur einmitt skort hráefni til iðnaðar.“

Við vissum ekki hvernig þetta myndi ganga og erum engir sér-



Hampurinn náði sér vel á strik og sumar plönturnar náðu 130 cm hæð, þrátt fyrir kuldakast og mikinn þurrk.



Hampur hefur fengið slæmt orðspor vegna tengingar við vímu-efnaframleiðslu, en Oddný og Einar ræktuðu afbrigði sem innihalda sama og ekkert THC.

fræðingar í ræktun, en höfum kynnst Sveini frá Kálfskinni sem gerði tilraunir á þessu fyrir tíu árum og ræktaði þá yfir þriggja metra háar plöntur,“ segir Oddný. „Við ákváðum að prófa ræktun á nokkrum svæðum nálægt íbúðarhúsinu sem væri auðvelt að nálgast. Ræktunin var mjög einföld en þrátt fyrir langvarandi þurrk og kalt og vindasamt sumar náðu plönturnar sér á strik á nokkrum svæðum og náðu 130 cm hæð. Til samanburðar vorum við

með plöntur inni sem fóru vel yfir tveggja metra hæð.“

Þessi tilraun hefur svo vakið töluverða athygli. „Það hjálpar mjög mikið að geta sagt frá þessu verkefni þegar við kynnum kosti hampsins, hvort sem það er fyrir stjórnmalamönnum, fjölmiðlum eða á öðrum vettvangi,“ segir Oddný. „Allir virðast vera mjög áhugasamir og jákvæðir.“

Miklir möguleikar í iðnaði
Oddný segir að hamplantan hafi



Hjónin Oddný Anna Björnsdóttir og Pálmi Einarsson fluttu með fjölskylduna til Berufjarðar og hafa gert tilraunir með ræktun á hampi.



Ræktun Oddnýjar og Einars, rétt eins og tilraunir Sveins frá Kálfskinni fyrir tíu árum, sýnir að hampur plumar sig vel í íslenskrí náttúru.

mjög jákvæð áhrif á umhverfi sitt. „Hún bindur meira kolefni og framleiðir meira súrefni en nokkur önnur planta, hreinsar jarðveginn og þarf engin eiturefni,“ segir Oddný. „Hún vex líka ótrúlega hratt við ólíkar aðstæður um allan heim, allt upp í átta metra við bestu skilyrði og í heitari löndum er hægt að fá allt að fjórar uppskerur á ári.“

Svo er hægt að framleiða nánast allt úr þessu,“ segir Oddný. „Um miðja síðustu öld var talið að hægt væri að framleiða 25 þúsund vörur úr hampi, en í dag hefur sú tala margfaldast.“

Lífærent hamplast lofar til dæmis mjög góðu, en það er eins og venjulegt plast nema það brotnar niður náttúrulega eftir ákveðinn tíma,“ segir Oddný. „Einnig er hægt að nýta stönglana til að búa til ígildi víðar sem er hægt að nota í parket, húsgögn eða til húsbýgginga. Hampsteypa er líka umhverfisvænni en venjuleg steypa, hún andar, sem kemur í veg fyrir myglu, og hún er létt, einangrandi og eldþolin.“

Svo er það allur textillinn sem er hægt að gera fyrir fót, segl og reipi,“ segir Oddný. „Það er líka hægt að vinna etanóleldsneyti úr hampi og nú þegar er farið að vinna rafhlöður úr hampi.“

Síðast en alls ekki síst er hægt að framleiða matvæli fyrir menn og dýr úr fræjunum og nýta hrat og hampinn sjálfan sem skepnufóður og hakka hann í undirburð,“ segir Oddný. „Síðastliðin fimm ár eða svo hafa hampfræ, hampolia og hampprótin fengist í matvöruverslunum hér á landi og oðlan sem vinnst úr fræjunum er notað í ýmiss konar snyrtivörur.“

Fæðubótarefni sem getur gagnast mörgum

Tveir af þekktustu kannabín-óðum (e. cannabinoids) hamplöntunnar eru THC og CBD. THC

er mikilvægasti kannabínóðinn þegar kemur að vímuáhrifum, en hann hefur einnig mikla lyfjagagnir. CBD veldur hins vegar ekki vímu og hefur vakið mikla athygi undanfarið því hann virðist gagnast vel við róa taugakerfið og slá á ýmsa verki og bólgur. Enn sem komið er skortir þó frekari rannsóknir á gagnsemi CBD, meðal annars vegna lagalegra hamla sem gera þær erfiðar.

„Plönturnar okkar innihalda innan við 0,2% af THC, sem er hámarks magnið sem Evrópusambandið leyfir, svo það er ekki hægt að komast í vímu af þeim,“ segir Oddný. „Þær innihalda um 3-6% af CBD svo það er hægt að framleiða CBD olíu úr þeim, en hagkvæmara væri að nota yrki þar sem CBD hlutfallið er mun hærra, til dæmis 15-20%.“

CBD er gagnlegt fæðubótarefni sem virðist stilla líkamann af á ýmsan hátt. Það hefur meðal annars komið að gagni við að minnka verkjalyfjanotkun fólks og það er líka vel þekkt að CBD vinni gegn flogaveikiköstum,“ segir Oddný. „Það er sársaukafullt að vita af öllum þessum kostum og horfa upp á fólk þjást að öþörfu því það hefur ekki aðgang að einhverju sem gæti bæði hjálpað því og dregið úr notkun á lyfjum sem hafa margvislegar aukaverkanir.“

Oddný er nú komin í stjórn Hampfélagsins og stefnt er að því að vinna skipulega að því að greiða leið hampsins. „Ráðstefnan „Hampur fyrir framtíðina“ í byrjun mánaðarins var á vegum þessa hóps,“ segir Oddný. „Á hana mættu um 300 manns og það þurfti stöðugt að bæta við fleiri stólum. Það er augljóslega mikill og vaxandi áhugi á hampinum og við höfum varla undan við að svara fyrirspurnum frá einstaklingum og fyrirtækjum. En til þess var leikurinn gerður.“

AÐ LÁTA SLAG STANDA!

29. október 2019 kl. 16:30-18:00

Heilaheill stendur fyrir opnu málþingi um heilablóðfallið í NORRÆNA HÚSINU Sæmundargötu 11 102 Reykjavík á alþjóðlega slagdeginum fyrir þá er hafa áhuga á málefninu.



• Svandís

ALLIR VELKOMNIR - ÓKEYPIS AÐGANGUR

PALLBORÐSUMRÆÐUR



• Hjalti

DAGSKRÁ.

- Þórir Steingrímsson, formaður HEILAHEILLA
- Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra
- Stefán Yngvason, yfirlæknir Grensás
- Hjalti Már Þórisson, yfirlæknir inngrípsröntgen
- og æðapræðinga LSH
- Valgerður Sværisdóttir, fv. alþm. og ráðherra



• Valgerður



• Þórir



• Stefán

Heilaheill
HEILLA HEILLA

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

1-2 milljónir



RENAULT CLIO SPORT '17

Renault Clio Sport 2017 Ekinn 23.776km. Diesel, beinskíptur. Ekki bílaleigubíll. Ásett verð 2.390.000kr Staðgreitt 1.900.000kr Uppl. í síma 5640700

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

SKRÚÐGARÐYRKJA OG RÁÐGJÖF.

Tek að mér haustklippingar, þrif á lóðum og alla almenna garðyrkju og tek einnig að mér ráðgjöf varðandi stærri breytingar.

Hjörleifur Björnsson
skrúðgarðyrkjufraeðingur
s:662-6625

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningabjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggiltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. ofl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar



Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skómmum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagningar og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU.

Auðbrekka - leiga Skrifstofu-, verslunar- og atvinnubíl 100 - 450 fm GSM 690 3031
Nánar uppl. s. 840 3992

IÐNAÐAR- EÐA LAGERHÚSNÆÐI TIL LEIGU

Til leigu 180-270 fm. atvinnuhúsnæði með innkeyrsluhurð í Bolholt 4 (bakhús) 105 Rvk. Laust strax.

Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com.
Grensás ehf. / Ragnar

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Atvinna



B.Ó. SMÍÐIR

B.Ó. Smiðir ehf. óska eftir að ráða smíði í vinnu

Umsóknir og fyrirspurnir má senda á bosmidir@bosmidir.is

Sérfræðingar í ráðningum

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til 89% lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál

NULL

Karlmaður óskar eftir að kynnað öðrum karlmanni. Uppl. í s. 626 9743



Opel Movano 9 manna

Nýskráður 6/2016, ekinn 142 þús.km., dísel, beinskíptur.

Verð kr. 1.990.000

Afborgun kr. 24.914 á mánuði.*



Honda CR-V Lifestyle hybrid

Nýskráður 2/2019, ekinn 3 þús.km., bensín, sjálfskíptur, leðurinnrétting.

Verð kr. 6.390.000

Afborgun kr. 79.651 á mánuði.*



Honda CR-V Executive dísil

Nýskráður 11/2017, ekinn 37 þús.km., dísel, sjálfskíptur.

Verð kr. 4.690.000

Afborgun kr. 58.503 á mánuði.*



Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 6/2017, ekinn 84 þús.km., dísel, sjálfskíptur.

Tilboð kr. 3.690.000

Afborgun kr. 46.063 á mánuði.*



Honda Civic Elegance

Nýskráður 3/2018, ekinn 20 þús.km., bensín, sjálfskíptur.

Verð kr. 2.890.000

Afborgun kr. 36.110 á mánuði.*



NOTAÐIR BÍLAR

Bílaáskjalarnum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Afborgun miðast við 80% lánsstufráttí 17 ár. Árið hlutfraðsta kostnaðar er 8,94%

Húsbílar á störlækkuðu verði!

| | | | | | |
|---|---|--|---|---|---|
|  <p>TILBOÐ</p> | <p>Til sölu Fiat Carado diesel 2015 ekinn 145 þ km 6 gíra. 2 manna glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa. Verð 4.990.000 verð nú 3.490.000 Staðgreitt</p> |  <p>TILBOÐ</p> | <p>Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll árg 2015 ekinn 181 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4 verð 5.490.000 verð nú 4.290.000 Staðgreitt</p> |  <p>TILBOÐ</p> | <p>Fiat Hobby húsbíll 2.3diesel árg 2017 ekinn 103þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 Verð 8.900.000 nú aðeins 6.990.000. Staðgr. Glæsilegur bíll sem þolir íslenskt veður. (smá tjón er á bílnum)</p> |
|  <p>TILBOÐ</p> | <p>Hobby Optima T65HFL diesel ekinn 55 þ km árgerð 2018 6 gíra. 4 manna glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa. verð 11.490.000 verð nú 8.990.000 Staðgreitt</p> |  <p>TILBOÐ</p> | <p>Til sölu Fiat Carado húsbíll 464 diesel árg 2016 ekinn 103 þ km 6 gíra 6 manna með hjónarúmi afturí glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa verð 7.990.000 verð nú 6.490.000 Staðgreitt</p> |  <p>TILBOÐ</p> | <p>Til sölu Fiat Hobby húsbíll A70GM diesel árg 2018 ekinn 46 þ km 6 gíra 6 manna með hjónarúmi afturí glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa verð 9.990.000 verð nú 8.990.000 Staðgreitt</p> |
|  <p>TILBOÐ</p> | <p>Til sölu Fiat Hobby húsbíll A65GM diesel árg 2018 ekinn 46 þ km 6 gíra 6 manna með kauju afturí glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa verð 9.990.000 verð nú 8.990.000 Staðgreitt</p> |  <p>TILBOÐ</p> | <p>Til sölu Fiat Carado húsbíll 461 diesel árg 2016 ekinn 83 þ km 6 gíra 6 manna með hjónarúmi afturí glæsilegur bíll í alla staði með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa verð 7.990.000 verð nú 6.790.000 Staðgreitt</p> |  <p>TILBOÐ</p> | <p>Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll árg 2011, ekinn ca 160 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. Verð 3.990.000.- verð nú 2.990.000. Staðgreitt</p> |

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

Möguleiki á allt að 100% láni.

Vinsamlegast hringið í síma 7767600 til að bóka skoðun.





Við erum á facebook, þar má sjá fleiri myndir
<https://www.facebook.com/tcithjonusta/>



gummi@tci.is

LOFTVIFTUR

Dreifðu varmanum betur.



Loftviftur spara orku. Þeim mun meiri hæð, þeim mun meiri sparnaður
